



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir afgreiðslustöðvar eldsneytis

Olís ehf.

kt. 500269 3249

við Suðurlandsveg í Svínahrauni, 816 Ölfus

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur ÓB sjálfsafgreiðslustöðvar eldsneytis í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.
- Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.
- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.
- Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að knýja á um um úrbætur.
- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almenninga, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.



- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Skal rekstraraðili sækja um starfsleyfi að nýju ef halda á rekstrinum áfram undir nýri kennitölu eða á nýjum stað. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. UMHVERFI

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænanstán hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólginröingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.



- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Viðbragðsáætlunin skal uppfylla ákvæði laga um varnir gegn mengun hafs og stranda um viðbrögð við bráðamengun. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3 Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks á móennuðum afgreiðslustöðvum og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Á ómóennuðum afgreiðslustöðvum skal starfsleyfishafi tryggja getu til að bregðast við áþekkum mengunaróhöppum.
- 3.4 Allir starfsmenn og/eða þjónustuaðilar sem sinna og/eða þjóna eldsneytisafgreiðslu skulu hafa hlotið kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum, þ.m.t. að hindra íkviknum, draga úr útbreiðslu bruna og myndun mengunarefna, sem og þjálfun í að kalla út þá aðila sem sá um aðgerðir gegn mengunaróhöppum og fylgt rýmingaráætlun afgreiðslustöðvarinnar.
- 3.5 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélu með lokuðu kerfi.
- 3.6 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlædur í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Frágangur olíugeyma, gasgeyma, lagna og annars búnaðar tengdum afgreiðslu eldsneytis

- 3.7 Um hönnun og frágang olíugeyma, gasgeyma, lagna og álíka búnaðar, sem og meðferð olíu og olíuefna, fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.8 Neðanjarðarolíugeymar á afgreiðslustöðum eldsneytis svæði í flokki A, sbr. 6. gr. rgl. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, skulu vera tvöfaldir með lekaeftirliti á rými milli ytri og innri geymis, einfaldir trefsjaplastgeymar með lekaviðvörunarbúnaði eða stálgeymar tæringarvarðir í samræmi við staðla og í lekavörn með lekaviðvörunarbúnaði eða með lekaeftirliti.
- Lekavarnir um neðanjarðargeyma skulu útbúnar með sjálfvirkum skynjara eða að öðrum kosti gaumröri eða eftirlitsbrunni þannig að hægt sé að fylgjast með vökvinnan lekavarnar.
- 3.9 Utan um olíugeyma ofanjarðar á afgreiðslustöðum eldsneytis á svæði í flokki A, sbr. 6. gr. rgl. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, skal vera lekavörn. Lekavarnir um ofanjarðargeyma skal vera steypt þró, þró úr olíuheldum dúk eða þéttum leir samkvæmt staðli eða aðrar sambærilegar varnir. Lekavörn skal tengd við olíuskilju þar sem því verður við komið. Tvöfaldir olíugeymar með lekaviðvörunarbúnaði teljast olíugeymar í lekavörn.
- Ofanjarðarolíugeymar skulu staðsettir utan akstursleiða. Ef því er ekki við komið skulu þeir búnið árekstrarvörnum.
- 3.10 Olíulagnir afgreiðslustöðva eldsneytis skulu að jafnaði vera neðanjarðar og þannig frá þeim gengið að þær þoli það álag sem búast má við.



- 3.11 Fara skal að ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi hvað varðar reglulegar þrýsi- og lekaprófanir olíulagna og olíugeyma sem og þykktarmælingar eldri neðanjarðargeyma sem eru í notkun.
- 3.12 Afgreiðslu- og áfyllingarplón skulu vera úr föstu olíuheldu efni og þannig frá þeim gengið og um hirt að afrennsli eigi greiða leið um niðurföll í olíuskilju. Þau skulu þannig hönnuð nægjanlegt og öruggt athafnasvæði sé til staðar svo að auðvelt sé að fylla eldsneyti á olíugeyma.
- Þvottaplón skulu vera með afrennsli um niðurföll tengdum við sandskilju.
- 3.13 Við afgreiðslutæki eldsneytis skal koma fyrir fullnægjandi vörn sem ver búnaðinn fyrir mögulegri ákeyrslu frá umferð um afgreiðsluplan.
- 3.14 Afgreiðslutæki fyrir eldsneyti skal útbúið afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli þegar olíugeymir farartækis fyllist. Á slöngu skal vera slitöryggi sem lokar fyrir flæði eldsneytis ef slanga slitnar frá afgreiðslutæki. Afgreiðslutæki skulu þannig hönnuð að olíuslöngur liggi ekki á jörðinni.

Sé afgreiðslustöð eldsneytis ómönnuð skulu afgreiðslubyssur verna þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.

Áfyllitengi olíugeyma skulu varin fyrir hnjasí og skulu lok á tengingum vera læst eða þannig frá þeim gengið að óviðkomandi komist ekki auðveldlega að þeim.

- 3.15 Við afgreiðslutæki, áfyllingu og útöndun olíugeyma skulu vera skilti sem gefa til kynna að óheimilt sé að reykja, nota farsíma og hafa vélar farartækja í gangi á meðan á afgreiðslu þeirra stendur. Við afgreiðslutæki skulu jafnframt vera upplýsingar um neyðarsímanúmer.

Úrgangur

- 3.16 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Steftnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.17 Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgánum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.18 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 3.19 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 3.20 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum



móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

Meðferð efna

- 3.21 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.22 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndlud af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.23 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækjar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.24 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

- 3.25 Um meðferð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með slíkum búnaði skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013 m.s.br.

Hávaði

- 3.26 Takmarka skal hávaða frá starfsemanni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Loftmengun

- 3.27 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á lofræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.
- 3.28 Loftunarrör frá olíugeymum og olíuskilju skal staðsett þannig að tryggt sé að mengað loft valdi ekki nágrönnum eða þeim sem sækja þjónustu á afgreiðslustöðina óþægindum eða skaða. Hæð loftunarröra skal vera a.m.k. 3 m og/eða 0,5 m hærri en olíubifreiðin sem notuð er við áfyllingu.

Fráveitur

- 3.29 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrrkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganeftndar og



heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olíuskilja, sandskilja, fituskilja o.p.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.

- 3.30 Olíuskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 3.31 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróm af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

4. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDÁ

- 4.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:

- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
- óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
- tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
- skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.

Jafnframt skal starfsleyfishafi halda skrá yfir olíugeyma stöðvarinnar þar sem fram kemur nafn framleiðanda, stærð og staðsetning geymis, olíutegund, númer, byggingarár og líftími geymis sé hann gefin upp af framleiðanda. Ennfremur skal skrá tegund yfirfyllingarvarnar, tegund lekaviðvrunar, dagsetningu síðustu hreinsunar, niðurstöður þykktarmælinga svo og meiriháttar viðhald, endurbætur og ferill olíugeymis ef við á.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

- 4.2 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill, sbr. gr. 3.2.

5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDÁ

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt tímacundið til **30. september 2023** í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 5.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, DD. MM 2023

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

XYZ,
heilbrigðisfulltrúi